Skýrsla bæjarstjóra 13. okt. – 4. nóv.

Stór hluti tímans undarfarnavikur hefur farið í fjárhagsáætlun vinnu. En svo er margt annað sem er í gangi.

Fundur með þingmönnum Suðurkjördæmis

Í bæjarráði í dag var fjallað um fund með þingmönnum Suðurkjördæmis sem fram fór 13. október sl. Þar var farið yfir stöðu samgangna og landeyjahöfn, almannavarnlögn, stöðu löggæslumál og heilbrigðismál þung áhersla er á að þingmenn kjördæmisins fylgi málefnum Vestmannaeyjabæjar eftir sem rædd voru á fundinum enda mikið í húfi fyrir samfélagið. Því var afar ánægjulegt að sjá að skiflegafyrirspurn frá þingmanni kjördæmisins til innviðaráðherra um Herjólf 3 og 4 og stöðu varaskips í dag.

Hafnarsambandsþing

Fulltrúar Vestmannaeyjahafnar sóttu Hafnarsambandsþing í Reykjanesbæ 21. -23. október. Mikli umræða var um úrgangsmál og gjaldskrá tengdar þeim og tryggingar hafnarmannvirkja. Hafnarstjóri Vestmannaeyjahafnar var endurkjörinn í varastjórn Hafnarsambandsins á þinginu. Á loka degi þingsins var samþykkt ályktun þar sem meðal annars var lögð áhersla á að hafnir sem mikilvæga innviði og að mikið fjármagn vantaði inn í hafnarbótasjóð svo hægt sé að byggja hafnir og skapa ný verðmæti.

Stytting Hörgaeyrargarðs og dýpkun innsiglingar

Framkvæmdir eru hafnar við verkefnið um styttingu Hörgaeyrargarðs og er fyrsta skrefið vinna við dýpkun innsiglingarrennu hafnarinnar. Til stendur að fjarlægja um 50.000 rúmmetra af efni og breikka rennuna. Þegar því er lokið verður farið í styttingu garðsins um allt að 40 metra.

Dýpkunarverkefnið tengist jafnframt fyrirhugaðri hafnaraðstöðu utan við Eiðið. Dýpkunarskipið losar efnið þar sem nýr garður er fyrirhugaður og má því segja að fyrstu skrefin í þeirri uppbyggingu hafi verið tekin. Sem er afar ánægjulegt.

Samgöngur

Herjólfur III og Landeyjahöfn

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá vegagerðinni er skýrsla dönsku straumfræðistofnunarinnar loksins væntanleg og höfum við óskað eftir því að hún verði kynnt við fyrsta tækifæri eftir að hún kemur út.

Dýpkun Landeyjahafnar hefur gengið vel og dýpkunarskipið og áhöfn hefur staðið undir væntingum og vonandi gengur dýpkun jafn vel í vetur.

Bæjarstjóri og framkvæmdastjóri Herjólfs funduðu með Vegagerðinni vegna staðsetningar og rekstur Herjólfs III. Á fundinum var farið yfir óskir Vestmannaeyjabæjar um að skipið verði í Eyjum í vetur. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni hefur verið skipið tilbúið fyrir haffæri í nokkrar vikur, enn það á eftir að ljúka því ferli það þarf að skrá útgerðaraðila og áhöfn.

Ársþing SASS

Á ársþingi SASS 2026 var mikil samstaða og þess krafist að þingmenn Suðurkjördæmis sameinist þvert á flokkslínur um að beita sér fyrir frestun á afgreiðslu fyrirhugaðra skattahækkana og annarra íþyngjandi breytinga. Áður en þær verða afgreiddar þurfi að liggja fyrir óháð og heildstætt mat á samanlögðum áhrifum þeirra á atvinnulíf, fjárfestingar, verðmætasköpun og búsetuskilyrði á Suðurlandi.

Jafnframt var gagnrýnir harðlega skort á raunverulegu samráði við sveitarfélögin. Samráð sem hefst fyrst eftir að meginstefna

hefur verið mótuð og ákvarðanir í reynd teknar getur ekki talist raunverulegt samstarf ríkis og sveitarfélaga.

Gagnabeiðni um niðurstöður PISA

Vestmannaeyjabær hefur óskað eftir niðurstöðum úr PISA prófinu fyrir grunnskólann. Beiðnin hefur verið móttekin, en ráðuneytið hefur ekki geta gefið upp tímaramma fyrir afhendingu gagnanna. Fram hefur komið að vinnan sé tímafrek en gögnin vera send þegar þau eru tilbúin. Það er mikilvægt að nýta niðurstöðurnar til gagns fyrir skólastarf í Eyjum.

Virðismatið

Á morgunfundi sambandsins í lok október var farið yfir stöðu virðismatsvegferðarinnar hjá sambandinu og K.Í.

Vinnunni er ekki lokið og er samkomulag um að sefnt sé að því að matið liggi fyrir 15. mars 2027. Þá verður tekin afstaða til framhaldsins af báðum samningaðilum.

Fundir nýrra stjórna

Ný kjörnar stjórnir í samtökum sjávarútvegssveitarfélaga og sveitarfélaga á köldum svæðum héldu síða fyrstu fundi í okóber . Farið var yfir starfið framunda og verkefni vetrarins, Vestmannaeyjabær er í báðum samtökum.

Landsbyggðarumræða í fjölmiðlum

Bæjarstóri og sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Ásta Stefánsdóttir fóru yfir stöðu suðurkjördæmis og landsbyggðarinnar í Silfrinu á Rúv. Umræðan um hvort halli á landsbyggðirnar er háværi og hefur fengið verskuldaða athyggi í fjölmiðlum. Þessi mál hafa einnig verið til umræðu í Vikulokunum og á Sprengisandi á undanförnum dögum enda ærin ástæða til.

Útboð fyrir áramót

Fyrirhugað er að bjóða út rafmagn og tryggingar fyrir áramót og fer bæjarráð með samningsmál en útboðin verða undirbúin á tilheyrandi sviðum.

Góðgerðarkvöld Kótilettuklúbbsins

Góðgerðarkvöld Kótilettuklúbbsins var haldið í Höllinni um miðjan október og tókst afar vel. Mæting var frábær: 350 manns sóttu kvöldið, sem er met.

Að þessu sinni hlutu Hollvinasamtök Hraunbúða og Krabbavörn í Eyjum styrki.

Þetta er einstaklega fallegt framtak sem yljar manni alltaf um hjartarætur. Pétri og Gunna eru færðar hlýjar þakkir fyrir framtakið.

Safnahelgi í Vestmannaeyjum

Safnahelgi fór fram í Vestmannaeyjum um nýliðna helgi. Boðið var upp á fjölbreytta og glæsilega dagskrá sem var vel sótt. Safna helgi er orðin fastur liður í menningarlífi Eyjanna.

Laxey- ár frá fyrstu slátrun á laxi

Síðast en ekki síst langar mig að minnast á það að í dag er eitt ár liðið frá því að fyrsta slátrun fór fram hjá LAXEY í áframeldinu í Viðlagafjöru, sem var stór áfangi fyrir þessa nýju atvinnugrein í Vestmannaeyjum. Síðan þá hefur verið slátrað hjá LAXEY í hverri einustu viku, samfleytt í heilt ár sem er árangur sem lofa mjög góðu uppá framhaldið og áframhaldandi uppbygginu í landeldinu hjá Laxey. Framtíðin er björt í þessari nýju atvinnugrein en það er að sama skapi mikilvægt að fyrirsjáanleiki og lagaumgjörð styðji við uppbyggingu greinarinna á Íslandi.